

## Jafnlaunastefna Mýrdalshrepps

Jafnlaunastefna Mýrdalshrepps byggir á lögum og jafnréttisáætlun Mýrdalshrepps um að á engan hátt skuli mismuna starfsmönnum eftir eftir kyni, þjóðerni, kynþætti, kynhneigð eða trúarbrögðum.

Af því leiðir að öllum er starfa hjá Mýrdalshreppi skulu greidd jöfn laun og skulu njóta sömu kjara fyrir sömu eða jafnverðmæt störf. Launaákvæðanir skulu ávallt byggja á virði starfa og þeim kröfum sem gerðar eru til þeirra og koma fram í starfslýsingu. Laun byggja á kjarasamningum, en í launasetningu verður stuðst við starfsmat sveitarfélaga með tilliti til starfsreynslu og menntunar.

Mýrdalshreppur leggur áherslu á að fara eftir gildandi lögum og reglum á hverjum tíma og skuldbindur sig til stöðugra umbóta með það að markmiði að koma í veg fyrir kynbundinn launamun. Sveitarstjóri og skrifstofustjóri sveitarfélagsins bera ábyrgð á því að stefnan verði endurskoðuð á tveggja ára fresti og eftir henni unnið.

Mýrdalshreppur mun innleiða og skjalfesta jafnlaunakerfi sem uppfyllir kröfur jafnlaunastaðalsins ÍST 85:2012. Jafnlaunakerfið lýsir því verklagi og eftirliti sem við er haft til að framfylgja þessari stefnu.

Mýrdalshreppur skuldbindur sig til að til að kynna íbúum sveitarfélagsins, starfsmönnum/stofnunum og fyrirtækjum á vegum þess, stefnuna.

Þorbjörg Gísladóttir  
Sveitarstjóri Mýrdalshrepps

Staðfest í sveitarstjórn 17. september 2020

1. útgáfa, 21.02.20, ÞG; Fyrsta útgáfa

2. útgáfa, 25.08.20.2020, ÞG; Breytingar gerðar á texta, „ með það að markmiði að koma í veg fyrir kynbundinn launamun“, „bera ábyrgð á því að stefnan verði endurskoðuð á tveggja ára fresti og eftir henni unnið.

Jafnlaunakerfi  
Jafnlaunastefna Mýrdalshrepps\_3\_útgJafnlaunastefna  
Ábyrgð: Sveitarstjóri

Mýrdalshreppur 

3. útgáfa, 07.09.2020, þG; Breytingar gerðar á texta Breytingar gerðar á texta, var: “ með það að markmiði að koma í veg fyrir kynbundinn launamun“, verður: „Laun byggja á kjarasamningum, en í launasetningu verður stuðst við starfsmat sveitarfélaga með tilliti til starfsreynslu og menntunar.“